

6.fundur stjórnar FSÍ, haldinn þriðjudaginn 10.september, kl.17:00 í fundarsölum ÍSÍ, Engjavegi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Guðrún Harðardóttir meðstjórnandi og Einar Ólafsson ritari. Auk þess sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar Sæunn Viggósdóttir, fulltrúi nefndar um fimleika fyrir alla, Olga Bjarnadóttir formaður tækninefndar í hópfimleikum og Sigurður Hrafn Pétursson, formaður tækninefndar karla. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ, Íris Svavarsdóttir sviðsstjóri fræðslumála og Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála.

Jósep Húnfjörð gjaldkeri og Halla Kari Hjaltested formaður tækninefndar kvenna boðuðu forföll. Jón Finnbogason, formaður laganefndar og Guðmundur Þór Brynjólfsson, formaður fræðslunefndar, voru boðaðir en þáðu ekki boðið að þessu sinni.

Mál afgreitt milli funda

1.UEG þing, framboð til tækninefndar í hópfimleikum.

Stjórn samþykkir að bjóða Sólveigu Jónsdóttur fram til tækninefndar í hópfimleikum (UEG TcTG) en framboðsfrestur til nefndarstarfa UEG rann út 6. sept sl.

Þann 6-7.desember mun fara fram í Portoroz, Slovenia, þing UEG. Í ljósi þess og þeirra staðreyndar að TcTG býr til CoP fyrir hópfimleika, þá er mikilvægt fyrir okkur að hafa manneskju í nefndinni

Dagskrá:

1.UEG þing, tillaga um fulltrúa FSÍ

Þann 6-7.desember mun fara fram í Portoroz, Slovenia, þing UEG. FSÍ hefur rétt á að senda 3 fulltrúa á þingið auk þeirra aðila sem nú þegar eru starfandi innan UEG nefnda.

Framkvæmdastjóri FSÍ leggur til að eftirfarandi einstaklingar fari sem fulltrúar FSÍ á þing; Þorgerður L. Diðriksdóttir, formaður, Helgi Jóhannesson, framkvæmdastjóri, Sólveig Jónsdóttir, sviðsstjóri og Hlíf Þorgeirsdóttir, UEG TC-GfA. Sólveig mun að auki kynna Evrópumót í hópfimleikum sem við höldum haustið 2014, en á þinginu munum við ná til allra hugsanlegra þátttökulanda og því mikill akkur að kynna mótið á þingstað.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins samþykkir tillögu framkvæmdastjóra um fulltrúa FSÍ á þing UEG og felur honum afgreiðslu málsins.

2.NM Junior Hópfimleika, tillaga um tilhögun mótsins

Fimleikasamband Íslands mun halda norðurlandamót unglinga í hópfimleikum á Íslandi í apríl 2014. Mótinu hefur verið úthlutað á Stjórnuna og munu þau sjá um mótshlutann. Skrifstofa FSÍ leggur til að fimleikasambandið taki að sér að sjá um alla aðra framkvæmd að mótinu. Í því felst að sjá um hótél, akstur, banquet og aðra hluti sem falla að framkvæmdinni. Skrifstofan telur sig vera við vel í stakk búin til að taka þetta verkefni að sér og lítur á það sem góðann undirbúning og lærdómsríkt ferli fyrir EM 2014.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins samþykkir tillögu skrifstofu og felur starfsmönnum þess undirbúning og afgreiðslu málsins.

3.Dómaranámskeið í Hópfimleikum í Prag, tillaga frá dómaranefnd/sviðsstjóra landsliðsmála

Í ár er væntanlegur nýr Code of Points frá EC-TG sem mun taka gildi á nýju ári og gilda næstu 4 ár.

Samfara útgáfunni hefur UEG sent út boð á alþjóðlegt dómaramámskeið, um er að ræða tvö námskeið, fyrra námskeiðið fer fram 27. nóvember til 1. desember og seinna fer fram 15. – 19. janúar. Bæði námskeiðin fara fram í Prag. Sér samböndum landanna býðst að senda 4 þátttakendur á hvort námskeið fyrir sig.

Sviðsstjóri landsliðsmála óskar eftir því að Fimleikasambandið sendi 4 þátttakendur á bæði námskeiðin.

Greinargerð:

Í gegnum tíðina hefur sú staða oft komið upp að Ísland hefur ekki átt nægilega marga alþjóðlega dómara til að sinna þeim verkefnum sem við höfum verið að taka þátt í. Sú staða hefur leitt af sér að færri manneskjur eru að sinna þeim verkefnum undir miklu álagi. Með fleiri alþjóðlegum dómurum má auka þekkingu íslenskra dómara umtalsvert, meiri þekking fer sjálfkrafa inn í félögin og við verðum miklu betur í stakk búin til að takast á við það verkefni að verja Evróputitlana okkar á EM2014. Þar sem að um nýjar reglur er að ræða skiptir gríðarlegu máli að hafa góða þekkingu á þeim til að semja æfingar landsliðanna fyrir mótið, það eru þær æfingar sem varða leið okkar í átt að gullinu 2014.

Erlend verkefni í hóp fimleikum frá apríl 2014 til nóvember 2016 eru öll á Íslandi. Fimleikasambandið er framkvæmdaraðilinn og mun sú þekking sem dómaramámskeiðin veita okkur, skipta okkur gríðarlega miklu máli þegar kemur að skipulagningu og faglega hlutanum á mótunum.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins samþykkir tillögu sviðstjóra landsliðsmála og felur henni ásamt framkvæmdastjóra afgreiðslu málsins.

4. Erindi frá THF varðandi keppnisstiga í almennum fimleikum og nafnabreytingu á mótinu

Tækninefnd í hóp fimleikum leggur fyrir stjórn breyttan keppnisstiga í almennum fimleikum (stökkfimi).

Eftirfarandi breytingar hafa átt sér stað

a) Dansinn hefur verið tekinn út.

- Mótið verður því frekar í anda "tumbling" móta sem eru mjög vinsæl erlendis.
- Við vonumst til að ná fleiri keppendum inn með þessu mótafyrirkomulagi og þá sérstaklega strákum.

b) Nafni mótsins hefur verið breytt í Stökkfimi

- Okkur hefur þótt almennir fimleikar vera frekar fráhrindandi nafn og vonumst til að með skemmtilegra nafni aukist áhugi á að taka þátt.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins samþykkir að taka dansinn út ásamt því að breyta nafni mótsins í Stökkfimi. Breyttur keppnisstigi er vísað til umfjöllunar skrifstofu þar sem heildarendurskoðun á móta- og keppnisreglum fer fram.

5 a. Íslenski fimleikastiginn í áhaldafimleikum kvenna

Tækninefnd kvenna leggur fram nýjan íslenskan fimleikastiga í áhaldafimleikum kvenna til samþykktar.

Við gerð á innhaldi og uppbyggingu Fimleikastigans nú líkt og áður er horft til þróunar í áhaldafimleikum á heimsvísu sem og héraendis. Vinnuhópurinn studdist við tillögur þjálfara, fyrri fimleikastiga sem og fimleikastiga annarra þjóða og að þessu sinni var helst litið til þróunar í Bandaríkjunum og Svíþjóð.

Þeir aðilar sem skipuðu vinnuhóp íslenska fimleikastigans voru; Auður Ólafsdóttir, Hlín Bjarnadóttir, Sandra Dögg Árnadóttir og Sandra Matthíasdóttir.

Sérstakur ráðgjafi varðandi æfingaval og samsetningu var Berglind Pétursdóttir. Berglind og Hlín gerður samsettar æfingar á slá og gólfi í 6. 7. og 8. þrepi og einnig eina forsamda línu á jafnvægisslá í 3. 4. og 5. þrepi. Dómarabók kemur út um mánaðarmótin september október nk. og í kjölfarið haldnar kynningar fyrir dómara og þjálfara.

Þjálfurum hérlendis var boðið á nokkrum tímapunktum, frá febrúar til ágúst 2013, að senda inn tillögur og athugasemdir sem og þann 3. maí sl. var opin fundur í húsnæði ÍSÍ.

Greinagerð;

Gerð á 8. útgáfu íslenska Fimleikastigans fyrir tímabilið 2013 – 2017 í áhaldafimleikum kvenna er nú á lokastigi. Æfingaval fyrir keppnisþrep sem ætluð eru til keppni á mótum FSÍ þ.e. 1. – 5. þrep er liggur nú fyrir. Hvert þrep hefur tekið smávægilegum breytingum og nú m.a. boðið upp á tvö keppnisstökk á stökki í öllum þrepum. Á öðrum áhöldum eru æfingar í 3. 4. og 5. þrepi skylduæfingar með vali og 1. og 2. þrep léttar frjálsar æfingar. Skv. núverandi lokadrögum/drög 2 þá ættu þjálfarar félaganna að geta hafið undirbúning í keppnisæfingum vetrarins. Þjálfara semja áfram sjálfir hreyfingar/kóreógrafíu í gólfæfingum og á jafnvægisslá. Í sláaræfingum í 5. 4. og 3. þrepi á slánni er ein lína forsamin sem allir keppendur gera eins og verður hún til að myndrænu formi hjá FSÍ þann 16. september nk.

6. 7. og 8. þrep Fimleikastigans eru ætluð stúlkum frá 6 ára aldri sem eru læra sínar fyrstu samsettu æfingar í áhaldafimleikum. 6. þrep er ætlað til keppni á innanfélags-, vana- eða boðsmótum og verður dómgæsla sambærileg og í efri þrepum. 7. og 8. þrepi eru fyrst og fremst ætluð sem hluti af matskerfi innanfélaga „þar sem hver er að keppa við sjálfan sig“ á þessu stigi fimleika og verður dómgæslan einfaldað staðlað 7.0 stiga matskerfi.

5.b.Íslenski fimleikastiginn í áhaldafimleikum karla

Tækninefnd karla leggur fram nýjan íslenskan fimleikastiga í áhaldafimleikum karla til samþykktar.

Við gerð á innhaldi og uppbyggingu Fimleikastigans nú líkt og áður er horft til þróunar í áhaldafimleikum á heimsvísu sem og hérlendis. Vinnuhópurinn studdist við tillögur þjálfara, fyrri fimleikastiga sem og fimleikastiga annarra þjóða og að þessu sinni var helst litið til þróunar í Bandaríkjunum og Bretlandi.

Þeir aðilar sem skipuðu vinnuhóp íslenska fimleikastigans voru Sigurður Hrafn Pétursson, Axel Ólafur Þórhannesson og Magnús Heimir Jónasson.

Þjálfurum hérlendis var boðið á þjálfarafund 8. desember 2012 þar sem hugmyndir um nýjan stiga voru ræddar. Á nokkrum tímapunktum, frá apríl til ágúst 2013, var óskað eftir að áhugasamt fólk myndi senda inn tillögur og athugasemdir um stigann og þann 30. apríl sl. var opin fundur í húsnæði Gerplu, Versölum. Nokkrar athugasemdir bárust vinnuhópnum og komu þær vel að notum.

Dómarabók er að finna í Íslenska fimleikastiganum en námskeið fyrir dómara verður haldið 28. September.

Íslenski fimleikastiginn verður kynntur á þjálfarafundinum 14. september og þar verður vinnuhópurinn til að svara spurningum og útskýra vafaatriði.

Tækninefnd í áhaldafimleikum karla (TK) og vinnuhópurinn áskilja sér rétt til breytinga á Fimleikastiganum ef nauðsyn krefur. Í maí 2014 mun TK og vinnuhópurinn fara yfir, meta og endurbæta Fimleikastigann m.a. með tilliti til framgangs iðkenda á mótum vetrarins.

Minnt er á að strákar sem náðu sínum keppnisþrepum sl. vetur 2012 – 2013 færast nú upp um keppnisþrep líkt og áður.

Greinagerð;

Gerð á 7. Útgáfu íslenska fimleikastigans fyrir tímabilið 2013 – 2017 í áhaldafimleikum karla er nú á lokastigi. Æfingaval fyrir keppnisþrep sem ætluð eru til keppni á mótum FSÍ þ.e. 1. – 5. þrep liggur nú fyrir. Hvert þrep hefur tekið smávægilegum breytingum og nú er m.a. boðið upp á bónus fyrir að gera aukaæfingar, sem oft eru teknar fyrir í næsta þrepi. Stiginn býður uppá frjálsara val á uppröðun æfinga í 2. 3. og 4. þrepi og fá þjálfarar í 2. þrepi mjög frjálsar hendur, en minna því neðar sem í stigan er komið. Útgáfa 1.0 ætti að vera fullnægjanleg fyrir þjálfara til að geta hafið undirbúning á keppnisæfingum vetrarins. Myndbandsútskýringar á þrepunum verða gefnar út í september áður en dómaramámskeið í stiganum verður haldið.

6. þrep Fimleikastigans er ætlað drengjum frá 6 ára aldri sem eru að læra sínar fyrstu samsettu æfingar í áhaldafimleikum. 6. þrep er ætlað til keppni á innanfélags-,vina-eða boðsmótum og verður dómgæsla sambærileg og í efri þrepum.

Bókun:

Stjórn fimleikasambands Íslands samþykkir tillögur TKV og TK um nýjan fimleikastiga í áhaldafimleikum karla og kvenna og þakkar vinnuhópunum fyrir frábæra vinnu við gerð stigans. Með útgáfu nýs fimleikastiga er lagður grunnur að áframhaldandi þróun íslenskra áhaldafimleika sem miðar að því að hámarka árangur okkar iðkenda héraendis sem og erlendis. Horft er til þeirra þjóða sem standa fremst og tekið tillit til sér íslenskra aðstæðna, bæði varðandi líkamsgerð Íslendinga og félagsþætti sem hafa áhrif á árangur og framþróun. Það er von okkar og trú að íslenski fimleikastiginn haldi áfram að stuðla að framþróun íslenskra fimleika og styðji við það frábæra starf sem þjálfarar og forsvarsmenn félaga eru að vinna hjá aðildarfélögum fimleikasambandsins.

6.Erindi frá TK varðandi breytingar á móta- og keppnisreglum.

Tækninefnd karla í áhaldafimleikum (TK) óskar eftir því við stjórn FSÍ að breytingar á Móta og keppnisreglum verði gerðar svo að hægt sé að notast við skjalið.

Málið rætt

Í ljósi þess að nýjar kröfur móta hafa verið lagðar fram frá tækninefndum, þá þarf að fara fram heildarendurskoðun á móta- og keppnisreglum. Stjórn fimleikasambandsins vísar þessu erindi til skrifstofu og þeirrar vinnu sem þar fer fram við endurskoðun á núgildandi reglum.

7.Erindi frá TK varðandi námskeið fyrir dómara

Tækninefnd karla í áhaldafimleikum (TK) óskar eftir því að fá að halda námskeið fyrir dómara í Almennum dómara reglum og Íslenska fimleikastiganum. TK óskar eftir því við stjórn FSÍ að fá að halda tvö námskeið:

-Námskeið í almennum dómara reglum 21. September 2013

-Námskeið í Íslenska fimleikastiganum 28. September 2013

TK telur nauðsynlegt að halda þessi tvö námskeið til þess að hægt sé að dæma íslenska fimleikastigan á mótum tímabilsins. Námskeið í almennum dómara reglum þarf að halda til að fræða þá sambands og landsdómara sem ekki hafa setið námskeið í nýju reglunum. Það er nauðsynleg krafa til þeirra dómara sem ætla að dæma íslenska fimleikastigan að sitja þetta námskeið og standast próf í lok þess.

Námskeið í íslenska fimleikastiganum er nauðsynlegt svo að dómarnir séu upplýstir um breytingarnar frá síðasta stiga og þekki æfingarnar sem þeir eru að fara að dæma á komandi tímabili. TK vill áréttta yfir dómurum í byrjun tímabils hverjar áherslur stigans eru og hvernig dómgæslu skuli háttað.

Þeir einstaklingar sem ætla sér að dæma þrepamót á Íslandi skulu hafa setið dómarnámskeið. Námskeiðið 21. september veitir mönnum sambandsdómararéttindi. Þeir einstaklingar sem hafa gild dómaraéttindi, alþjóðleg eða landsdómaraéttindi þurfa ekki að sitja námskeiðið 21. september þar sem þeir hafa hærri dómaraéttindi.

Kynningin á íslenska fimleikastiganum er fyrir þjálfara, dómara og aðra áhugamenn um íslenska fimleikastigan í áhaldafimleikum karla. TK hvetur menn til að fjölmenna á þessa kynningu til að vera vel undirbúnir undir komandi tímabil sem og til að spyrja spurninga ef eitthvað er óljóst varðandi reglur eða æfingar.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins samþykkir erindi TK um að halda sambandsdómarnámskeið 21. sept nk. og vísar því til sviðsstjóra fræðslumála til framkvæmda. Mikilvægt er að vekja athygli á skilyrðum TK fyrir komandi keppnistímabil, um að þeir sem hyggjast dæma þrepamót á Íslandi skulu hafa setið dómarnámskeið. Námskeiðið 21. september veitir mönnum sambandsdómaraéttindi. Þeir einstaklingar sem hafa gild dómaraéttindi, alþjóðleg eða landsdómaraéttindi þurfa ekki að sitja námskeiðið 21. september þar sem þeir hafa hærri dómaraéttindi.

Jafnframt tekur stjórn FSÍ undir hvatningu TK um að fjölmenna á kynningu á íslenska fimleikastiganum sem haldinn verður 28. Sept nk. þar sem farið verður yfir nýjan fimleikastiga í áhaldafimleikum karla og skipst á skoðunum um framþróun íþróttarinnar hér á landi.

8. Styrkur til keppenda á HM í áhaldafimleikum.

Sviðstjóri landsliðsmála leggur til að þeir keppendur sem fara á Heimsmeistaramótið í áhaldafimleikum, sem haldið er í Antwerpen 25.sept-7.október, verði veittir styrkir að upphæð 85.000 kr. hver. Upphæðin er fengin með tvennum hætti, 35 þúsund sem hluti af þeim styrk sem kemur í gegnum samstarf FSÍ við Arion banka og 50 þúsund koma til vegna hluta styrks sem ÍSÍ veitti FSÍ vegna landsliðsverkefna 2013, m.a. Heimsmeistaramóts.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins samþykkir tillögu sviðsstjóra landsliðsmála og óskar keppendum velfarnaðar á mótinu.

Fundi slitið kl. 18:20.